

Mál nr. 416/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar hraðfrystihúss v/lyftarans A****Árekstur við bifreiðastæði við hafnarsvæði 02.08. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.10. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni aftur á bak úr stöðureit þegar lyftaranum B ver ekið áfram út úr húsnaði við og meðfram karastæðu og árekstur varð.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna taldi að leggja ætti alla sök á ökumann A. Vátryggingafélögin taka undir sakarmat tjónanefndar.

M telur að honum hafi verið ómögulegt að sjá lyftarann koma út úr Fiskmarkaðinum sem þarna er þar sem stæða af körum hafi byrgt honum sýn.

Álit

Ákoman á A er á hægri hlið bifreiðarinnar. Ökumanninum bar að víkja fyrir B sbr. 17. gr. umferðarlaga.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka úr stöðureit í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.